



Ársskýrsla BLÍ



2024-2025

Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ	3
Nefndir BLÍ.....	4
Fjöldi blakiðkenda frá upphafi.....	5
Fjöldi fulltrúa á ársþingi.....	6
Dagskrá.....	7
Skýrsla stjórnar BLÍ	8
Skýrsla mótanefndar BLÍ.....	12
Skýrsla afreksstjóra BLÍ.....	17
Skýrsla strandblaksnefndar BLÍ	22
Skýrsla yngri flokka nefndar BLÍ	27
Skýrsla dómaranefndar BLÍ	29
Ársreikningur 2024	31
Viðaukar	41

Blaksamband Íslands

2024-2025

Stjórn BLÍ

Formaður	Grétar Eggertsson
Varaformaður	Valgeir Bergmann
Gjaldkeri	Unnur Ása Atladóttir
Meðstjórnendur	Guðrún Kristín Einarsdóttir og Gunnar Gunnarsson
Varastjórn	Eldey Hrafndsdóttir Emelía Eiríksdóttir Lúðvík Már Matthíasson
Framkvæmdastjóri	Katrín Einrsdóttir
Mótastjóri	Rósborg Halldórsdóttir
Afreksstjóri	Borja González

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Emelía Eiríksdóttir
Kristján Geir Guðmundsson
Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Starfsmaður nefndar

Rósborg Halldórsdóttir, mótastjóri

Afreksnefnd

Unnur Ása Atladóttir, formaður
Einar Friðgeir Björnsson
Eldey Hrafnadóttir
Hjördís Eiríksdóttir
Lúðvík Már Matthíasson

Dómaranefnd

Árni Jón Eggertsson, formaður
Guðný Rut Guðnadóttir
Kristján Geir Guðmundsson
Jón Ólafur Valdimarsson

Yngriflokkanefnd

Guðrún Kristín Einarsdóttir, formaður
Súsanna Finnbogadóttir (Afturelding)
Hulda Björgvinsdóttir og Emil Björnsson (HK)
Dánjal Salberg Adlersson (Huginn)
Steinþór Traustason (KA)
Signý Þöll Kristinsdóttir Vestri
Þórunn Harðar og Andri Hnikarr Jónsson,
(Völsungur)
Petra Lind Dagbjartsdóttir (Próttur Nes)

Strandblaksnefnd

Valgeir Bergmann, formaður
Gunnar Gunnarsson
Mótshaldarar stigamóta BLÍ

Aganefnd

Guðmundur Narfi Magnússon
Hreggviður Norðdahl
Emelía Eiríksdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Fjöldi blakiðkenda frá upphafi

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1984	2362	1999	1662	2014	2987
1970	237	1985	2362	2000	1862	2015	3149
1971	479	1986	2775	2001	1345	2016	3323
1972	649	1987	2955	2002	1786	2017	3193
1973	855	1988	2906	2003	1981	2018	3439
1974	1334	1989	2869	2004	1830	2019	3195
1975	1609	1990	2718	2005	1624	2020	3317
1976	1974	1991	2567	2006	1827	2021	3560
1977	2257	1992	2200	2007	1918	2022	2751
1978	2501	1993	2074	2008	2076	2023	3059
1979	2567	1994	1848	2009	2005	2024	Skil opin
1980	2579	1995	1961	2010	2013		
1981	2513	1996	1592	2011	2316		
1982	2519	1997	1592	2012	2337		
1983	2426	1998	1217	2013	2785		

Fjöldi fulltrúa á ársþingi

Ársþing BLÍ 28. mars 2025

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á	
			þingi	Fulltr.v/stjórna
Héraðssambandið Hrafnaflóki	HHF	16	0	1
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSH	37	4	1
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	261	6	1
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	58	4	1
Héraðssamband Þingeyinga	HSP	313	7	1
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	15	0	1
Íþróttabandalag Akureyrar	ÍBA	318	4	1
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	ÍBH	164	4	1
Íþróttabandalag Reykjavíkur	ÍBR	432	15	1
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	ÍBV	7	0	1
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	ÍRB	58	2	1
Ungmenna og Íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	394	8	1
Ungmenna og Íþróttasamband Fjallabyggðar	UÍF	99	1	1
Ungmennasamband Borgarfjarðar	UMSB	42	0	1
Ungmennasamband Eyjafjarðar	UMSE	103	2	1
Ungmennasamband Kjalarnespings	UMSK	709	12	1
Ungmennasamband Skagafjarðar	UMSS	41	1	1
Ungmennasambandið Úlfliótur	USÚ	73	4	1
Ungmennasamband V-Húnavetninga	USVH	22	1	1
Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu	USVS	47	0	1
Samtals		3213	75	20

20 af 25 sambandsaðilum með þingfulltrúa
úr 58 félögum víðsvegar um landið.
33 virkt félag með lið í Íslandsmóti 2024-2025

Samtals fulltrúar 95

Dagskrá

53. ársþing BLÍ, haldið í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi 6,
föstudaginn 28 mars, kl. 18:00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé

11. Nefndarstörf
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) Kosning formanns BLÍ til tveggja ára.
 - b) Eins meðstjórnanda til tveggja ára
 - c) Þriggja í varastjórn til eins árs
 - d) Tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2024-2025

Stjórn og framkvæmdastjórn

Á 52. ársþingi BLÍ sem haldið var á Húsavík þann 13. apríl 2024 voru kosin í aðalstjórn BLÍ þau Valgeir Bergmann, Unnur Ása Atladóttir og Gunnar Gunnarsson til tveggja ára. Fyrir í stjórn voru Grétar Eggertsson og Guðrún Kristín Einarsdóttir. Valgeir Bergmann var endurkjörin í stjórn en Unnur Ása og Gunnar komu ný inn í stjórn BLÍ en Sigurður Hreinsson gaf ekki kost á sér í endurkjör í stjórn BLÍ. Í varastjórn voru kosin til eins árs þau Eldey Hrafnisdóttir, Emelía Eiríksdóttir og Lúðvík Már Matthíasson. Úr varastjórn véku Hjördís Eiríksdóttir og Rósborg Halldórsdóttir. Fráfarandi stjórnarmönnum og varamönnum í stjórn voru færðar góðar þakkir fyrir þeirra störf í þágu blakhreyfingarinnar á Íslandi.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Formaður Grétar Eggertsson, varaformaður Valgeir Bergmann, gjaldkeri Unnur Ása Atladóttir, ritari Gunnar Gunnarsson og meðstjórnandi Guðrún Kristín Einarsdóttir.

Á starfsárinu hafa verið þrír launaðir starfsmenn á skrifstofu BLÍ. Katrín Einarsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfi, Borja Gonzales Vicente afreksstjóri í 100% starfi og Rósborg Halldórsdóttir, mótastjóri í 50% starfi. Stjórn BLÍ var með fasta stjórnarfundi fyrsta þriðjudag í mánuði en auk fastra funda eru töluverð samskipti á milli aðila.

Íþróttaleg viðskipti og fjármál afreksstarfs

Starfsemi Blaksambands Íslands á liðnu starfsári hefur verið bæði umfangsmikil og fjölbreytt, eins og nánar má lesa í skýrslum nefnda sambandsins. Líklega hafa verkefni og umsvif aldrei verið jafn mikil og nú og ljóst er að fram undan eru enn fleiri tækifæri og áskoranir. Með vaxandi umfangi starfseminnar eykst óhjákvæmilega álag á starfsfólk BLÍ, sem þegar vinnur af mikilli elju og ábyrgð.

Stjórn BLÍ var meðvituð um að ráðning afreksstjóra í 100% starf væri fjárhagsleg áskorun. Hins vegar var það einnig ljóst að ef taka ætti næstu skref í faglegri uppbyggingu íþróttalegra viðskipta og afreksstarfs, væri þessi ráðning nauðsynleg. Hún tryggði einnig framkvæmdastjóra skýrari og faglegra ramma til að sinna rekstrarlegum þáttum sambandsins. Fyrsta starfsárið hefur sannarlega sýnt að þessar áherslur voru réttar. Góðar vísbendingar eru um að aukin fagmennska í skipulagi og framkvæmd sé þegar farin að skila sér í árangri og stöðugleika. Það er mikilvægt að undirstrika að starfsfólk sambandsins vinnur á hverjum degi í þágu blakíþróttarinnar af miklum metnaði og með hagsmuni hennar að leiðarljósi og vill stjórn BLÍ koma á framfæri innilegu þakklæti fyrir þeirra framlag.

Þrátt fyrir þetta mikla starf er staðan þannig að skrifstofan er aðeins mönnuð með um 2,5 stöðugildum. Ef við ætlum að tryggja áframhaldandi vöxt og þróun blaks á Íslandi er brýnt að efla skrifstofuna enn frekar. Til samanburðar má nefna að Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) og Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) reka hvor um sig skrifstofu með fimm stöðugildum. Ef blakið á að njóta sömu tækifæra til vaxtar, fagmennsku og afreksstarfs og aðrar íþróttagreinar, þá verður að horfa til þess að fjárfesta í mannskap og stuðningi við daglega starfsemi.

Þrátt fyrir að Blaksamband Íslands hafi tekið þátt í kostnaðarsömum verkefnum á liðnu starfsári hefur tekist að skila rekstri sambandsins í jafnvægi. Það er ánægjulegt og sýnir skýra ábyrgð í fjármálastjórn. Hins vegar fylgir þessari niðurstöðu súrt eftirbragð, því fjármögnun á afrekssviði er ekki í neinu samræmi við þau verkefni og væntingar sem gerðar eru til sambandsins. Í dag nemur afrekssstyrkur Afrekssjóðs ÍSÍ til BLÍ um 14 milljónum króna, eftir viðbótarúthlutun, á meðan rekstrarstyrkur til skrifstofu sambandsins er um 3 milljónir. Á sama tíma stendur BLÍ straum af umfangsmiklu verkefnahaldi, landsliðsverkefnum og alþjóðlegri þátttöku sem krefst verulegs undirbúnings, skipulags og fagfólks, ásamt öðrum verkefnum innanlands.

Raunveruleikinn er sá að þátttaka í alþjóðlegum verkefnum er að stórum hluta fjármögnuð af afreksfólki sjálfu og fjölskyldum þeirra. Um helmingur kostnaðar lendir í þeirra höndum en það er staða sem hvorki stenst sanngirnismat né samræmist markmiðum afrekshreyfingarinnar. Enn alvarlegra er að þessi staða hefur áhrif á landsliðsval. Við getum ekki alltaf sent sterkasta hópinn út, þar sem fjárhagslegar aðstæður einstaklinga hafa áhrif á þátttöku. Þetta er bæði döpur staðreynd og óviðunandi kerfislæg mismunur. Mikil vinna hefur farið í að koma sjónarmiðum BLÍ á framfæri við Afrekssvið ÍSÍ og var það að lokum viðurkennt að sambandið skuli flokkast sem afrekssamband en ekki eingöngu verkefnasamband. Þó það sé mikilvægt skref í rétta átt, endurspeglast þessi viðurkenning ekki enn í hlutfalli fjárveitinga.

Í dag er hlutfall afrekssjóðs sem rennur til BLÍ aðeins um 17% af heildarkostnaði við afrekssstarfið sem er lægsta hlutfallið meðal sambærilegra sérsambanda. Stjórn BLÍ gerir sér fulla grein fyrir því að það er okkar ábyrgð að vinna enn betur að hagsmunum hreyfingarinnar innan ÍSÍ. Við þurfum að herða róðurinn, byggja upp sterkari rödd fyrir blakið og nýta alla þá farvegi sem í boði eru til að tryggja réttláta stöðu innan afrekssjóðskerfisins. Þar getum við sannarlega gert betur og ætlum okkur að gera það.

Fjölmíðlar og samskipti

Fjölmíðlaumfjöllun um blak á Íslandi er áfram mjög takmörkuð og staðan er sú að greinin fær litla sem enga umfjöllun í hefðbundnum fjölmíðlum. Þrátt fyrir þetta hefur BLÍ unnið markvisst að því að efla sýnileika í gegnum eigin miðla og streymi frá leikjum.

Allir leikir í Unbroken-deildum eru í beinni útsendingu með einföldu streymiskerfi, og í haust hófst tilraunaverkefni í samstarfi við Livey þar sem valdir leikir úr hverri umferð voru sendir út með aukinni framleiðslu og lýsingu. Verkefnið hefur gengið vel og skapað nýja upplifun fyrir áhorfendur og stuðningsfólk. Nú liggur fyrir að meta þetta verkefni í heild að loknu tímabili og í kjölfarið móta næstu skref í útsendingum og stafrænu efni.

Kjörísbikarinn er í dag eini fasti viðburðurinn í sjónvarpi og var útsendingin í ár til fyrirmyndar, bæði hvað varðar tæknilega framkvæmd og umgjörð á leikdögum. Áhorfendafjöldi var sá mesti sem sést hefur á bikarúrslitum í blaki á Íslandi og skapaðist frábær stemning sem var bæði sýnileg og smitandi.

Liðin sem tóku þátt í lokakeppni Kjörísbikarsins eiga mikið hrós skilið fyrir framlag sitt til þess að gera viðburðinn að sannkölluðu hápunkti blaktímabilsins. Þetta er dæmi um hvernig sameiginlegt átak getur skapað sterkari ímynd, meiri athygli og aukinn áhuga.

Það er ljóst að efla þarf sýnileika blaksins á öllum vígstöðvum, hvort sem er með beinum útsendingum, markvissari notkun samfélagsmiðla eða í gegnum aukið samstarf við fjölmíðla. Stjórn BLÍ mun halda áfram að styðja við og þróa nýjar leiðir til að kynna íþróttina, með það að markmiði að styrkja stöðu hennar í íslensku íþróttalífi.

Í því samhengi vill stjórn BLÍ kalla eftir áhugasömum einstaklingum innan hreyfingarinnar sem hafa brennandi áhuga á miðlun, kynningu og fjölmíðlastarfi. Í framhaldinu væri möguleiki á mynda starfshóp sem taki þátt í að móta stefnu og aðgerðaráætlun um næstu mikilvægu skref í þessum málaflokki. Verkefnin eru bæði spennandi og áhrifamikil og skapa raunverulegt tækifæri til að breyta ásýnd blaksins á Íslandi. Allir sem hafa hugmyndir, reynslu, tengsl eða einfaldlega áhuga eru hvattir til að stíga fram og taka þátt.

Blakfólk ársins

Blakkona ársins var valin Sara Ósk Stefánsdóttir og blakmaður ársins var valinn Ævarr Freyr Birgisson

Sara Ósk Stefánsdótti varð Danmerkur meistari með liði sínu Holte. Sara hefur leikið 31 landsleik og var lykilleikmaður í fyrsta verkefni kvennalandsliðsins í SilverLeague. Hún er öflugur blokkari og sóknarmaður og er sterkur leiðtogi á vellinum.

Ævarr Freyr Birgisson varð bæði bikar- og Danmerkurmeistari með Odense í vor og hefur nú leikið hátt í 200 leiki í deildinni. Hann hefur leikið 48 landsleiki fyrir Ísland og er lykilmaður í landsliðinu og er einn af sterkum leiðtogum liðsins. Þetta er í fjórða sinn sem Ævarr hefur verið valinn sem blakmaður ársins.

Erlend samskipti

Blaksamband Íslands hefur á liðnu ári verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og samskiptum sem skipta máli fyrir framtíð blaksins á Íslandi.

Formaður BLÍ sótti ársþing Evrópska blaksambandsins (CEV) í september og aðalfund Alþjóðablaksambandsins (FIVB) í nóvember, þar sem nýir forsetar og stjórnir voru kosnar hjá báðum aðilum. Samhliða þessum breytingum voru ráðnir inn nýjir framkvæmdastjórnar hjá bæði FIVB og CEV. Þessar breytingar marka ákveðin tímamót og það er afar mikilvægt að BLÍ viðhaldi góðum tengslum við nýja stjórnendur, þar sem stefna og áherslur beggja samtaka eru nú í þróun. Afreksstjóri BLÍ hefur verið í reglulegum og árangursríkum samskiptum við bæði CEV og FIVB, sem hefur skilað sér í sterkari tengslamyndun, bættri upplýsingagjöf og auknum skilningi á stöðu Íslands innan alþjóðahreyfingarinnar. Þetta skiptir miklu þegar kemur að því að nýta möguleika til þátttöku, stigasöfnunar og árangurs.

Sérstaklega eru áhugaverðar breytingar að eiga sér stað innan SCA (Small Countries Association), þar sem unnið er að umbótum og nýjum mótaformum sem gætu opnað raunveruleg tækifæri fyrir Ísland til að ná árangri á alþjóðavettvangi og jafnvel þátttöku í lokakeppnum. Sama má segja um samstarfið við NEVZA (North European Volleyball Zonal Association), þar sem formaður BLÍ hefur tekið þátt í fundum þar sem farið er yfir þróun, endurskipulagningu og framtíðarsýn samtakanna. BLÍ leggur ríka áherslu á að halda áfram því góða samstarfi sem hefur myndast við bæði NEVZA og SCA.

Auk þessa tekur BLÍ þátt í tveimur Erasmus+ þróunarverkefnum sem miða að því að styrkja grunnstoðir blaksins á Íslandi til framtíðar. Verkefnið Skólablak miðar að því að efla íþróttina í grunnskólum með aðgengilegu og nútímalegu kennslufni. Verkefnið Ungir leiðtogar snýr að því að þjálfar og styrkja ungt fólk til að taka að sér hlutverk innan hreyfingarinnar, hvort sem er sem þjálfarar, stjórnendur eða skipuleggjendur.

Öll þessi verkefni og samskipti sýna að BLÍ er virkur þátttakandi í alþjóðahreyfingunni og leitast við að tryggja íslensku blaki raunverulega framtíðarmöguleika, bæði í keppni og uppbyggingu.

Fjármál

Rekstur Blaksambands Íslands á liðnu starfsári var veruleg áskorun. Umfang verkefna jókst töluvert, sérstaklega á sviði afreksstarfs og faglegar uppbyggingar innanlands. Þrátt fyrir þetta hefur sambandinu tekist að skila rekstri með jákvæðri niðurstöðu, sem er vitnisburður um ábyrga fjármálastjórnun, sterkt aðhald og mikla vinnu stjórnenda og starfsfólks.

Tekjur BLÍ eru fyrst og fremst komnar frá opinberum styrkjum, félagsgjöldum, þáttökugjöldum í mótum og samstarfsaðilum. Á móti vega stækkandi verkefni og sífellt meiri faglegar kröfur í skipulagi, framkvæmd og þjónustu við félög og landslið. Það er þó sárt að gera sér grein fyrir því að það jafnvægi sem náðst hefur í rekstri hefur í raun verið að hluta til tryggt með beinu fjárframlagi frá afreksfólki okkar, sem hefur þurft að standa straum af umtalsverðum kostnaði vegna þátttöku í verkefnum á vegum landsliðanna.

Afreksstyrkur til BLÍ nam um 14 milljónum króna á árinu, eftir viðbótarúthlutun, en það stendur einungis undir um 17% af heildarkostnaði við afreksstarf sambandsins. Rekstrarstyrkur til skrifstofu nam aðeins 3 milljónum króna, sem stenst engan veginn þær faglegu kröfur sem gerðar eru í dag til rekstrar íþróttasambands með jafn fjölbreytt verkefnasvið og BLÍ hefur.

Þrátt fyrir þröng fjárhagsleg skilyrði hefur sambandið sýnt að með samvinnu, forgangsöðun og ábyrgri nálgun er hægt að halda rekstri í jafnvægi. Hins vegar er ljóst að áframhaldandi þróun og vöxtur blaksins á Íslandi krefst aukins fjárhagslegs svigrúms, bæði til að efla faglegt starf innanlands og tryggja þátttöku í alþjóðlegum verkefnum án þess að það lendi á herðum einstaklinga.

Stjórn BLÍ mun áfram leggja ríka áherslu á ábyrga fjármálastjórn, en jafnframt vinna að því að bæta aðgengi að fjármagni, bæði í gegnum opinbera styrki, samstarf og nýsköpun í tekjuöflun. Þannig viljum við tryggja sjálfbæra framtíð íþróttarinnar og jöfnuð meðal iðkenda og félaga.

Framtíðin

Blaksamband Íslands horfir með bjartsýni og metnaði til framtíðar. Á liðnum árum hefur gríðarlega mikilvægt starf verið unnið til að byggja upp innviði, efla fagmennsku og skapa skýrari stefnu í öllum þáttum starfseminnar. Nú liggur fyrir að næstu skref verða ekki síður mikilvæg, því nú reynir á að halda áfram að þróa blakið á Íslandi sem öfluga, aðgengilega og metnaðarfulla íþrótt fyrir alla aldurshópa.

Í forgrunni er áframhaldandi uppbygging barna- og unglingastarfs, þar sem lögð verður áhersla á að styðja við félögin í að fjölga iðkendum, bæta aðgengi að æfingum og byggja upp sterkar grunnstoðir. Verkefni á borð við Skólablak og þjálfun ungra leiðtoga gegna þar lykilhlutverki og eru skýr dæmi um framtíðarstarf í verki.

Á sama tíma mun afreksstarf halda áfram að þróast. Þrátt fyrir fjárhagslegar áskoranir hefur íslenskt afreksfólk í blaki sýnt ótrúlegan metnað og árangur. Það er forgangsatriði að skapa betri skilyrði fyrir það starf. Til þess þarf markvissari fjármögnun, skýra stefnu og faglega umgjörð sem nær til allra sem vilja stefna hátt.

Efling skrifstofu og stuðningur við starfsfólk sambandsins verður einnig lykilatriði í því að tryggja vöxt og festa í rekstri. Því fleiri verkefni sem tekist er á við því meiri þörf er á burðugri innviðum og BLÍ ætlar sér að halda áfram að byggja upp til framtíðar.

Á alþjóðavettvangi er BLÍ virkur þátttakandi og fylgist vel með þeirri þróun sem fram undan er sérstaklega hvað varðar möguleika fyrir minni þjóðir til að keppa á stærri sviðum. Með sterkum tengslum við CEV og FIVB er Ísland í betri stöðu en áður til að nýta þau tækifæri sem kunna að opnast.

Framtíð blaksins á Íslandi byggist á samvinnu. Hún byggist á áhugafólki, félögum, leikmönnum, þjálfurum og sjálfbóðaliðum sem leggja daglega sitt af mörkum til að halda íþróttinni á floti – og lyfta henni enn hærra.

Að lokum vill stjórn Blaksambands Íslands færa styrktaraðilum, sjálfbóðaliðum, stjórnarfólki félaga og öllu því frábæra íþróttafólki sem starfar innan hreyfingarinnar innilegar þakkir. Þeirra framlag er ómetanlegt og án þess væri íslenskt blak bæði veikara og fátækara. Með þessum öfluga bakhjarli getum við horft til framtíðar með von og kraft.

Við stöndum á sterkum grunni – og við erum tilbúin að taka næstu skref.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Vorið 2024 voru það Kristján Geir Guðmundsson, Vilborg Bjarnadóttir og Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir sem skipuðu mótanefnd. Haustið 2024 fór Vilborg úr nefnd og í stað hennar kom Emelía Eiríksdóttir úr stjórn BLÍ inn í nefndina. Rósborg Halldórsdóttir vannur sem mótastjóri BLÍ í samstarfi við mótanefnd.

LOK TÍMABILSINS 2023-2024

UNBROKENDEILDIR

Deildarmeistarar: Hamar voru deildarmeistarar karla KA deildarmeistarar kvenna.

Úrslitakeppni úrvalsdeilda lauk einnig með sigri KA bæði í kvennaflokki og Hamars í karlaflokki. Kvennalið KA vann 3-1 í sínu úrslitaeinvígi þar sem liðið mætti Aftureldingu í æsispennandi rimmu líkt og áður. Hamar mætti Aftureldingu í úrslitaeinvíginu og vann keppnina afgerandi 3-0.

Eftir að síðasta leik lauk í Unbroken deildum karla og kvenna þá hófst kosning í lið ársins. Kosningarétt höfðu þjálfarar (40%) og fyrirliðar (40%) liðanna í deildunum og gildir tölfræðin yfir árið 20%.

Kosið var í stöðurnar 7 á vellinum auk besta þjálfara hvorrar deildar.

Einnig var kosið um besta íslenska leikmanninn og besta erlenda leikmanninn ásamt efnilegasta leikmanni deildarinnar.

Að lokum var kosið um besta dómara deildanna og svo kaus dómaranefnd og stjórn um hvaða félag fær félagsverðlaun fyrir góða umgjörð í deildinni.

Allar viðurkenningar voru afhentar á heimaleikjum hvers leikmanns í úrslitakeppninni.

Úrvalslið karla:

Kantar: Roman Plankin og Tomek Leik
Miðjur: Gísli Marteinn Baldvinsson og Hafsteinn Valdimarsson
Uppspilari: Damain Sapor
Díó: Raul Garcia Asensio
Frelsingi: Austris Bukovskis
Þjálfari: Borja González Vicente
Besti íslenski leikmaðurinn: Hafsteinn Már Sigurðsson
Besti erlendi leikmaðurinn: Tomek Leik
Efnilegasti leikmaðurinn: Tómas Davidson

Úrvalslið kvenna:

Kantar: Julia Bonet Carreras og Helena Kristín Gunnarsdóttir
Miðjur: Danielle Forester og Valdís Unnur Einarisdóttir
Uppspilari: Daníela Grétarsdóttir
Díó: Thelma Dögg Grétarsdóttir
Frelsingi: Rut Ragnarsdóttir
Þjálfari: Miguel Mateo Castrillo
Besti íslenski leikmaðurinn: Thelma Dögg Grétarsdóttir
Besti erlendi leikmaðurinn: Julia Bonet Carreras
Efnilegasti leikmaðurinn: Auður Pétursdóttir

Ólafur Jóhann Júlíusson var kosinn besti dómari deildarinnar en hann er einnig að klára alþjóðleg dómaraéttindi í blaki.

Félagsverðlaun fyrir umgjörð leikja í Unbrokendeildum fengu Afturelding og Hamar.

ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILDA

Krýndir voru deildarmeistarar í hverri deild þar sem lögð voru saman stig bæði úr deildarleikjum og af helgarmótum.

- SV deild kvenna: Blakfélag Hfj.
- NA deild kvenna: Þróttur Nes U20
- SV deild karla: HK B
- NA deild karla: Þróttur Nes U20

Úrslit í öllum deildum voru svo spiluð helgina 23. – 25. mars 2024.

- U20 lið kk spiluðu á heimavelli þess U20 liðs með flest stig (í Neskaupstað). Þar báru Völsungar sigur úr býtum.

Allar aðrar deildir spiluðu í Digranesi.

- Þróttur Nes urðu Íslandsmeistarar í U20 kvk deild eftir háspennuleik.
- Í 1. Deild kvenna spiluðu liðin 4 sem ekki voru B lið sín á milli og sigraði Blakfélag Hafnarfjarðar örugglega.
- B liðin í kvennaflokki tvö spiluðu úrslitaleik sín á milli og vann Afturelding B þann leik.
- Í 1. Deild karla spiluðu B liðin í bland við 1. Deildarlið og sigruðu Fylkismenn þá keppni.

Yngri flokkar

Keppt var í flokkum U12, U14 og U16 á Íslandsmótinu að vori sem haldið var á Húsavík (U16 flokkar) og Neskaupstað (U12 og U14 flokkar) og voru krýndir Íslandsmeistarar í neðangreindum keppnisflokkum.

Flokkur	Íslandsmeistarar
U12 piltar	Þróttur Nes
U12 stúlkur	Þróttur Nes Melónur
U12 blandað	Sindri
U14 piltar	Völsungur
U14 stúlkur	HK 1
U16 piltar	Þróttur Nes
U16 stúlkur	Þróttur Nes

KEPPNISTÍMABILIÐ 2024-2025

Samtals tóku 121 lið þátt í Íslandsmóti fullorðinna og 80 í Íslandsmótum yngri flokka. Þetta er fjölgun um 9% milli ára. Lökendur sem greiddu iðkendamót voru 1623 (þar af 441 yngri en 18 ára). Þar eru ekki með taldir þeir sem aðeins keppa á Öldungamóti.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tekið á einu máli þetta tímabil.

UNBROKENDEILDIR

Skráð voru til leiks 8 karlalið og 7 kvennalið í úrvalsdeildir. Lið Stál-Úlfs var ekki skráð í keppni en í stað skráðu Þróttur Reykjavík sig í keppni í úrvalsdeild karla.

Keppnistímabilið hófst með leikjum í **meistarakeppni BLÍ** þar sem Íslandsmeistarar og bikarmeistarar Hamars í karlaflokki tóku á móti Aftureldingu sem lenti í 2. sæti í Íslandsmótinu 2024. Leikurinn fór 3-2 fyrir Aftureldingu

en hann var haldinn í Hveragerði. Í kvennaflokki mættust Bikarmeistarar Aftureldingar og Íslandsmeistarar KA á Akureyri. Leikurinn fór 3-2 fyrir KA.

Ekki var boðið upp á **haustmót** þar sem engir mótshaldarar sóttu um að halda mótið.

Spiluð var þreföld umferð í báðum deildum. Fyrsta umferðin var spilað með samþjöppuðu móti þar sem lið spiluðu tvo leiki á helgi í september og október. Önnur og þriðja umferð voru spilaðar með sönnu heima og úti fyrirkomulagi. Leikdagar voru miðvikudagar og laugardagar.

Deildarmeistarar voru krýndir í lok mars og þar tóku KA titlana bæði karla og kvennaflokki. Deildarkeppnin var jöfn í báðum flokkum og ekki krýndir meistarar fyrr en eftir síðasta leik.

Eftir að deildarkeppni lýkur þá fara fjögur efstu liðin í úrslitakeppnina þar sem þau spila undanúrslit (2 unnir leikir) og úrslit (3 unnir leikir) sem klárast fyrir Öldung í lok apríl.

Ekki þurfti að fresta mörgum leikjum vegna veðurs þetta tímabil.

Kosning í lið ársins 2024-2025 stendur yfir og verður tilkynnt á ársþingi.

Kjörísbikarkeppnin 2025 fór fram dagana 6.-8. mars í Digranesi.

Skráð voru 10 lið í karlaflokki (úrvalsdeildarliðin 8 auk Blakfélags Hafnarfjarðar og KA Splæsir). Í 16 liða úrslitum voru 2 dregin 2 lið á móti utandeildarliðunum áður en farið var í 8 liða úrslit.

Í kvennaflokki voru 12 lið skráð (úrvalsdeildarliðin 7 auk UMFG, Blakfélagi Hfj., Blakfélag Hfj. Belle, Leiknir Rvk og Ýmir). Í 16 liða úrslitum drógust 2 utandeildarlið saman og svo úrvalsdeildarlið við 3 utandeildarlið áður en farið var í 8 liða úrslit.

Undanúrslit og úrslit voru spiluð í Digranesi. Undanúrslit karla voru á fimmtudagskvöldi og undanúrslit kvenna á föstudagskvöldi. Úrslitin voru svo spiluð á laugardegi. Sýnt var frá öllum leikjum í beinni útsendingu á RÚV. Karla- og kvennalið KA fóru með sigur úr býtum og eru Kjörísbikarmeistarar 2025.

MVP karla: Zdravko Kamenov

MVP kvenna: Paula del Olmo

16 liða úrslit			
UMFG Bikar	0 - 3	Blakfélag Hfj. Bikar	
Blakfélag Hfj. Belle Bikar	0 - 3	Völsungur	
Leiknir R Bikar	0 - 3	Þróttur Reykjavík	
HK Ýmir (bikar)	0 - 3	Afturelding	
8 liða úrslit			
KA	3 - 0	Þróttur Reykjavík	
Þróttur Fjarðabyggð	0 - 3	Afturelding	
HK	3 - 1	Völsungur	
Blakfélag Hfj. Bikar	0 - 3	Álftanes	
Undanúrslit kvenna			
KA	3 - 1	Afturelding	
HK	3 - 0	Álftanes	
Úrslit kvenna			
KA	3 - 2	HK	
16 liða úrslit			
Blakfélag Hfj. Bikar	0 - 3	KA	
KA Splæsir Bikar	0 - 3	Afturelding	
8 liða úrslit			
HK	3 - 0	Völsungur/Efing	
Afturelding	3 - 1	Hamar	
Þróttur Reykjavík	3 - 0	Vestri	
KA	3 - 0	Þróttur Fjarðabyggð	
Undanúrslit karla			
Þróttur Reykjavík	3 - 2	HK	
Afturelding	2 - 3	KA	
Úrslit karla			
Þróttur Reykjavík	0 - 3	KA	

1. DEILDIR

13 lið voru skráð í 1. deild kvenna (þar af 2 B lið og 4 U20 lið). Í karlaflokkki voru 7 lið skráð í 1. Deild (þar af 3 U20 lið).

Í kvennaflokkki voru búnar til tvær deildir. 1. deild kvenna skipuð 7 liðum sem spiluðu sín á milli heima og að heiman tvöfalda umferð. Efstu fjögur liðin komust svo áfram í úrslit.

B liðin og U20 liðin 6 skiptu sér í SV og NA deild (3 lið í hvorri deild) þar sem spiluð var tvöföld umferð af heimaleikjum og að heiman og svo voruð spiluð tvö helgarmót (tvöföld umferð). Öll 6 liðin komust í úrslit þar sem efsta liðið í hvorum riðli situr hjá í 1. umferð.

Í karlaflokkki var bara spilað í einni deild 1.dild/U20 og skipt eftir landshlutum. Í NA deild voru 4 lið og þar var spiluð tvöföld umferð og í NA deild voru bara 2 lið sem spiluðu tvöfalda umferð. Einnig hittust öll liðin á tveimur helgarmótum (spiluð tvöföld umferð). Efstu fjögur liðin eftir helgarmótin fóru áfram í úrslit.

Aðeins voru krýndir deildarmeistarar í 1. deild kvenna þar sem Vestri sigraði deildina.

Lið	Stig	Spilaðir
 Vestri A	26	12
 Ymir	25	12
 Blakfélag Hfj.	20	12
 Álftanes 2	15	12
 Fylkir	14	12
 UMFG	13	12
 Sindri	13	12

Úrslit í öllum deildum verða spiluð helgina 28.-30. mars nk. Í Digranesi

	Digranes 1				Digranes 2				
fös	Lið 1	Lið 2	Umsjón	Dómari 1	Lið 1	Lið 2	Umsjón	Dómari 1	
19:00	NA2	SV3 (HK U)	HK	Zdravko	SV2 (UMFA B)	NA3	HK	Kristinn	
lau									
10:00	KVK2 (Ymir)	KVK3 (Blakf. Hfj.)	HK	Jón Ólafur	KVK1 (Vestri)	KVK4 (Álftanes 2)	HK	Rósborg	
12:15	KK2 (Próttur Nes)	KK3 (HK B)	Taplið 10:00	Haraldur	KK1 (KA)	KK4 (Fylkir)	Taplið 10:00	Jón Ólafur	
14:30	NA1	WSV2/NA3	Taplið 12:15	Sigga	SV1 (HK B)	WNA2/SV3	Taplið 12:15	Haraldur	
16:45	3. sæti KVK		Taplið 14:30	Kristinn	3. sæti KK		Taplið 14:30	Sigga	
19:00	5. sæti U20		Taplið 16:45	Magni	3. sæti U20		Taplið 16:45	Baldur	
sun							Umsjón	Dómari 1	Dómari 2
10:00	1. sæti KK						HK	Kristinn	Ismar
12:15	1. sæti KVK						Taplið 10:00	Haraldur	Sævar
14:30	1. sæti U20 kvk						Taplið 12:15	Sigga	Baldur

NEÐRI DEILDIR

Skráning barst frá 87 liðum í neðri deildir þar sem spilað var í fyrsta sinn spilað í 6 kvennadeildum og 2 karladeildum. Spiluð var einföld umferð á tveimur helgarmótum (nóvember og janúar) og svo var hverri deild skipt í efri og neðri úrslit og spilað var til úrslita á þriðja helgarmótinu í mars. Í 7. deild kvenna voru 9 lið skráð og því spiluð tvöföld umferð yfir 3 helgar.

Deild	1. sæti	2. sæti	3. sæti
2. kvk	KA Krákur	KA-Skautar A	HK G
3. kvk	Fylkir B	Leiknir F	Esja
4. kvk	KA Skautar B	Vestri C	KA Skutlur/Eik A
5. kvk	Afturelding Ungar	Blakfélag Hfj. D	UMFL A
6. kvk	Kormákur/Birnur	Bryðjur	UMFG B
7. kvk	KA Skutlur/Eik B	KA Krákur B	Pleðurblökur (Fákur)
2. kk	Blakfélag Hfj. Drekar	Stál-Úlfur	Völsungur/Efling C
3. kk	UMFL	HK C	Rimar

3 lið fara iðulega upp og niður um deildir í 12 liða deild og 2 lið í 10 liða deild en ekki er skylda að lið í 2. deild fari upp í 1. deild. Hægt er að skoða úrslit leikja og stöðutöflur deilda inn á heimasíðu BLÍ. Lokadeildarniðurröðun fyrir næsta tímabil er ávallt gefin út eftir að skráningu lýkur fyrir næsta tímabil 15. maí.

YNGRI FLOKKAR

Á Íslandsmóti að hausti og Bikarmóti hafa 87 mismunandi lið tekið þátt í yngri flokka mótum.

Keppt var í flokkum U12, U14 og U16 á **Íslandsmótinu** að hausti sem haldið var í Kópavogi. Seinni hluta Íslandsmótsins lýkur í maí þar sem U12 og U14 flokkar keppa á Ísafirði og U16 flokkar á Húsavík en þá verða krýndir Íslandsmeistarar í ofangreindum keppnisflokkum.

Bikarmót yngri flokka var haldið í tveimur hlutum. Flokkar U14 og U20 spiluðu að Varmá 6.-8. desember en U16 flokkar spiluðu á Akureyri 1.-2. febrúar en samtals tóku 51 lið þátt í Bikarmótinu. Úrslitaleikir U20 flokka voru spilaðir í Varmá ásamt því að U14 kk og U16 kk spiluðu sína úrslitaleiki á sinni helgi þar sem færri en 5 lið voru skráð í mótið.

Úrslitaleikir U14 kvk og U16 kvk voru spilaðir á úrslitahelgi Kjörísbikarsins í Digranesi laugardaginn 8. mars.

Flokkur	Bikarmeistarar 2025
U14 piltar	KA
U14 stúlkur	KA
U16 piltar	KA
U16 stúlkur	KA
U20 piltar	Völsungur/Efling
U20 stúlkur	Próttur Nes

Yngri flokka nefnd var höfð með í öllum ákvörðunum varðandi mótahald yngri flokka. Mótin voru sett upp í gegnum blak.is.

Skýrsla rituð af Rósborgu Halldórsdóttur, mótastjóra BLÍ

Mótanefnd BLÍ

Kristján Geir Guðmundsson

Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Emelía Eiríksdóttir

Skýrsla Afreksstjóra BLÍ

Icelandic Volleyball Development and High-Performance

INTRODUCTION

The 2024 season has been a pivotal year for Icelandic volleyball, marked by significant achievements across senior, youth, and beach volleyball teams, as well as the implementation of strategic development programs. This report provides a comprehensive overview of the season's activities, including team performances, coaching initiatives, and grassroots projects aimed at fostering the growth of volleyball in Iceland. The data reflects the dedication of players, coaches, and support staff, as well as the strategic vision of the Icelandic Volleyball Federation.

AFREKSTJÓRI BLÍ

The work of the High-Performance Manager began in May. During March and April, some initial performances were held simultaneously with the end of the season with Afturelding.

The role of the position has encompassed high-performance functions, carrying out both administrative and coaching tasks for senior and junior categories, as well as numerous functions related to training, athlete development, and various parallel projects (School volley or We lead volleyball together).

In addition, part of the work has involved the development of various types of projects and reports: sponsorship dossiers for the federation or national teams, proposals for competition modifications, monthly reports for the FIVB and CEV, competition reports, etc.

SENIOR INDOOR VOLLEYBALL TEAMS

Tournament Participation

The senior teams competed in the 2024 Silver League. The teams commenced preparations for the 2024 season on April 22nd, 2024. The teams engaged in preparation matches to refine their strategies and enhance team cohesion.

Both teams played three matches against the Faroe Islands, providing valuable international exposure. The men's team also participated in an additional game against an All-Star team during the Oldungamót event, which served as a high-intensity preparation game.

Women's Team:

The women's team faced Latvia, Hungary, Portugal, Montenegro, Luxembourg, and Georgia.

Men's Team:

The men's team competed against Austria, the Faroe Islands, and Israel.

Staff:

- Women's Team:
 - Head Coach: Massimo Pistoia
 - Assistant Coach: Bryan Silva
 - Physiotherapist: Bjarni Geir Gunnarson
 - Team Manager: Einar Friðgeir Björnsson
- Men's Team:
 - Head Coach: Borja González
 - Assistant Coach: Egill Þorri Arnarsson
 - Physiotherapist: Ragnheiður Lóa Stefánsdóttir
 - Team Managers: Unnur Ása Atladóttir and Sigurfinnur Líndal Stefánsson
- Scout: Diego Herrera provided online scouting support for both teams

Season Goals and Future Plans

On December 21st and 22nd, the senior teams convened for a strategic planning camp to outline their goals for the upcoming season. The men's team is set to participate in the Small State Games in Andorra at the end of May, followed by the Silver League.

The women's team will compete in the Silver League and the SCA Tournament in Ireland, aiming to build new experiences for the 2026 season.

BEACH VOLLEYBALL PROGRAM**NEVZA Tournament Participation**

The beach volleyball program resumed operations in 2024, with the U18 and U20 national teams participating in the NEVZA tournament. This marked a significant step forward for Icelandic beach volleyball, as the teams competed against some of the best young talent in the region.

Results:

- U18 Girls: Two teams participated, finishing in 5th and 7th place.
- U18 Boys: Two teams competed, securing 6th and 9th place.
- U20 Boys: Two teams participated, achieving 5th and 6th place.
- U20 Girls: One team competed, earning an impressive **3rd place**.

Preparation and Training:

The beach volleyball teams underwent rigorous preparation to ensure they were ready for the international stage.

- **Selection Camps:** Two camps were held to select the participating teams, with 23 boys and 13 girls taking part.
- **Training Regimen:** In the month leading up to the competition, training sessions were held 4-6 times per week at Fagrilundur. These sessions focused on technical skills, tactical awareness, and physical conditioning.
- **National Circuit:** Players also competed in two rounds of the national circuit, which served as a valuable preparation tool for the international competition.

Staff:

- Coaches: Borja González and Matthildur Einarsdóttir.
- Referees: Sigurfinnur Línal Stefánsson and Janis Novikovs.

This season, we have launched a high-performance program for the beach volleyball teams at the Sandkastalinn facilities on Tuesdays and Thursdays from 6:30 to 8:00 with a women's group of four players, and from 8:00 to 9:30 with a men's group of up to eight players.

The goal of this program is to build a stronger foundation for our teams and a higher competitive level for this summer season. Our teams will compete in the Small Games in Andorra, the Youth NEVZA in England, and Youth and Senior SCA tournaments in Ireland, Scotland, and Andorra.

YOUTH INDOOR TEAMS**NEVZA Tournaments**

The youth indoor teams participated in the NEVZA U17 and U19 tournaments, showcasing the depth of talent in Icelandic volleyball.

U17 Teams:

- Women's Team: Coached by Thelma Gretarsdóttir and Atli Fannar Petursson. The team secured an impressive **3rd place**.
